

180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 150/1977. **Jósafat Arngrímsson**

(sjálfur)

gegn

Jóni Gunnari Zoëga

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. septem-ber 1976. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og máls-
kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi lýst yfir því, að hann reisi kröfur sínar á hendur áfrýjanda eingöngu á því, að hann hafi vegna einkafyrirtækis síns Verslunarinnar Hafnargötu 31 samþykkt víxla þá, sem um er fjallað í máli þessu.

Staðhæfing áfrýjanda um, að fölsuð hafi verið nafnritun hans sem samþykkjanda á fyrrgreinda víxla, er ósönnuð. Aðrar varnir, sem hafðar verði uppi í vixilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, hafa ekki komið fram af hálfu áfrýj-
anda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 220.000 krónur.

Það athugast, að víxlar þeir, sem út af er stefnt, eru báðir þingsmerktir með sama þingskjalsnúmeri, en rétt var að auð-

kenna hvorn víxil sem sérstakt þingskjal. Enn fremur at-
hugast, að frágangi dómsgerða er ábótavant.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um
málkostnað.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnda, Jóni
Gunnari Zoëga, 220.000 krónur samtals í málkostnað í
héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 3. júní 1977.

Mál þetta, sem þingfest var 30. júní 1976 og dómtekið að lokn-
um munnlegum málflutningi hinn 31. maí 1977, hefur Jón Gunnar
Zoëga héraðsdómslögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum
með stefnu, birtri 21. júní 1976, gegn Jósafat Arngrímssyni, Holts-
götu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar
Hafnargötu 31, Keflavík, en hann er einkaeigandi þess fyrirtækis,
til greiðslu skuldar samkvæmt tveimur víxlum að fjárhæð sam-
tals kr. 720.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða
brot úr mánuði af kr. 360.000 frá 10. maí 1976 til 23. maí s. á. og
af kr. 720.000 frá þeim degi til greiðsludags, til greiðslu stimpil-
kostnaðar, kr. 1.720, afsagnarkostnaðar, kr. 1.645, og málkostn-
aðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessa kveður stefnandi vera samkvæmt tveimur víxlum,
hvorum að fjárhæð kr. 360.000. Báðir eru víxlarnir útgefnir af
stefnda, Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og
framseldir af honum til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f,
Keflavík. Samþykkjandi beggja víxlanna er stefndi, Jósafat Arn-
grímsson, fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík.
Annar víxillinn er útgefninn 23. mars 1976, með gjalddaga 10. maí
1976, en hinn er útgefninn 22. mars 1976, með gjalddaga 23. maí
1976, og var sá afsagður sökum greiðslufalls 25. maí 1976.

Stefndi hefur krafist sýknu í málinu og málkostnaðar úr hendi
stefnanda.

Hefur stefndi uppi þá varnarástæðu um efni máls, að undir-
skriftir hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafn-

argötu 31, Keflavík, séu falsaðar á umstefndum víxlum, sbr. c lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Með bréfi, dagsettu 7. júlí 1976, kærði stefndi í máli þessu til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík yfir því, að undirskriftir hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, væru falsaðar á víxlum þeim, er hér um ræðir.

Við opinbera rannsókn málsins var m. a. leitað til Maríu Bergmann rithandarsérfræðings. Í álitserð, dagsettri 23. ágúst 1976, kemst hún að þeirri niðurstöðu, að ritun sannaðra rithandarsýnis-horna og ritun nafnsins Jósafat Arngrímsson, þar sem það er ritað sem samþykkjandi umræddra víxla, hafi verið gerð af sömu persónu.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl 1977, til bæjarfógetans í Keflavík var tilkynnt, að eigi væri af hálfu ákærvaldsins krafist frekari aðgerða í málinu.

Samkvæmt framanrituðu og með hliðsjón af 154. gr. laga nr. 85/1936 telur dómurinn, að sönnur hafi ekki fengist fyrir því, að undirskriftir samþykkjanda á umræddum tveimur víxlum séu falsaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæðina með vöxtum eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, greiði stefnanda, Jóni Gunnari Zoëga héraðsdómslögmanni, Reykjavík (starfsstofa Garðastræti 3), kr. 723.365 ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 360.000 frá 10. maí 1976 til 23. maí s. á. og af kr. 720.000 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.